

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 26. ágúst 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði í Þorlákshöfn. Breytingin gerir meðal annars ráð fyrir að Suðurvararbryggju sé snúið og Suðurvarargarður lengdur til austurs.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir nýtt íbúðarhverfi vestan byggðar í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. maí 2021, deiliskipulag fyrir nýtt íbúðarhverfi vestan byggðar í Þorlákshöfn.

Afmarkað er íbúðarsvæði vestan við vesturhluta núverandi íbúðarbyggðar, auk svæðis fyrir samfélagsþjónustu þar sem til stendur að byggja leikskóla. Þá er fyrirhuguð lega Selvogsbrautar og göngustíga aðlöguð að nýrri byggð.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 20. desember 2021.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.